

Nefndarsvið Alþingis
Atvinnuveganefnd Alþingis

löggjafarþing 2023-2024

Mál 930. - Lagareldi

Aðaldalur 10.maí 2024

Veiðifélag Laxár og veiðifélag Mýrarkvíslar gerir hér með eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um lagareldi.

Markmið þessara laga er þó fallett sé, er algerlega fjarstæðukennt.

Opið sjókvíaeldi getur aldrei verið sjálfbært og í samlyndi við náttúruna. Reynsla annara þjóða sem og reynsla okkar Íslendinga á undangengum árum sýnir vel skaðsemi og áhættuna af þessum iðnaði. Fögur fyrirheit um aukið eftirlit breytir litlu þar um. Reynsla allra allstaðar segir, að það verða slysasleppingar sem þó geta varla talist slys því það er hreinlega gert ráð fyrir að ákveðin prósentu sleppi. Ábyrgð okkar Íslendinga er mikil, við erum eitt síðasta vígi Norður Atlandshafslaxins.

Krafa Veiðifélaga Laxár og Mýrarkvíslar:

Að opið sjókvíaeldi við Ísland verði óheimillit

Ef það næst ekki fram þá eru gerðar eftirfarandi kröfur:

- Eldi á frjóum laxi verði bannað
- Viðurlög við stroki ætti að vera skerðing á framleiðslu heimildum. Það ætti að vera hagur allra.
- Heildarfjöldi lúsa pr. Fisk ætti að vera partur af lögunum en ekki háð geðþótta ráðherra í reglugerð.
- Rekstrarleyfi og starfsleyfi þurfa að vera tímabundinn.

Fyrir hönd Veiðifélags Laxár í Aðaldal og Veiðifélags Mýrarkvíslar

Árni Pétur Hilmarsson og Páll Ólafsson

